

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 1252/2011 um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 8. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er, með samþykki doktorsnámsnefndar heilbrigðisvísindasviðs, sbr. 3. gr., að skipuleggja doktorsnám við heilbrigðisvísindasvið sem 240 eininga nám að loknu meistaraþrófi, lokaprófi frá deild, t.d. kandidatsprófi í læknisfræði eða sálfræði, eða tilsvarende prófi. Hefji nemandi 240 eininga doktorsnám er miðað við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins fjögur ár, en sjái nemandi ekki fram á að ljúka náminu innan þess tíma skal hann sækja um til deildar að vera áfram innritaður í námið í allt að eitt ár til viðbótar. Ef frekari framlengingar er þörf skal slík umsókn endurtekin, þó þannig að heildarnámstími verði aldrei lengri en sex ár.

#### 2. gr.

1. másl. 1. mgr. 11. gr. orðast svo: Miðað er við ekki fleiri en 20 af 300 eða 10 af 180 einingum og 240 einingum, sbr. 8. gr., komi úr námskeiðum í grunnnámi.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar í samræmi við VI. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands og með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar hafa verið samþykktar af deildum heilbrigðisvísindasviðs, stjórn fræðasviðsins og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 18. febrúar 2015.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2015